



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Fjallabyggð
Íris Stefánsdóttir
Tæknifulltrúi
Gránugötu 24
580 Siglufirði

Akureyri, 20. maí 2021
MÍ202104-0065/ 6.08 / S.G.

Endurskoðun á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032

Með tölvupósti sendum 15. apríl 2021 óskaði tæknifulltrúi Fjallabyggðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu Aðalskipulags Fjallabyggðar 2020-2032. Meðfylgjandi drög eru sett fram í eftirtöldum gögnum: 1. Forsendur, 2. Skipulagsákvæði og landnotkun, 3. Umhverfisskýrsla, 4. Viðauki, Sveitarfélagsuppdrætti og síðast komu tveir þéttbýlisuppdrættir; Ólafsfjörður, Siglufjörður. Skipulagsgögn eru dagsett í apríl 2021.

Á árunum 2000 og 2004-2006 var unnin umfangsmikil fornleifaskráning á Siglufirði og Ólafsfirði á vegum Fornleifastofnunar Íslands¹, og voru minjar staðsettar með hnitum. Auk þessa hafa farið fram skráningar á deiliskipulagsreitum og vegna framkvæmda. Fyrirliggjandi fornleifaskráning í Fjallabyggð gefur greinargóða mynd af fornleifum og dreifingu þeirra, þó hún uppfylli ekki staðla um fornleifaskráningu. Húsaskráning liggur fyrir í elsta hluta Siglufjarðar, bæði heildarskráning frá 2017², og svo uppfærð skráning á fornleifum og húsum á Þormóðseyri þar sem nú er skráð *Verndarsvæði í byggð*. Það svæði Þormóðseyrar sem telst til verndarsvæðis afmarkast af Aðalgötu til suðurs, Norðurgötu til austurs, Eyrargötu til suðurs og Grundargötu til vesturs.³ Með þessum skráning má reikna með að flest þau hús sem falla undir lög um menningarminjar séu skráð. Það sem eftir stendur er þá að skrá þau hús sem eru í Ólafsfirði og falla undir lögin, þ.e. friðlýst, aldursfriðuð og umsagnarskyld hús og í dreifbýli ef einhver eru. Aldursfriðuð hús eru þau sem náð hafa 100 ára aldri, en

¹ Orri Vésteinsson. 2001. Fornleifakönnun. Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar FS141-01061 Fornleifastofnun Íslands; Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2005. Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I: Minjar á Úlfisdölum og í Siglufjarðarbæ. FS284-04041. Fornleifastofnun Íslands; Birna Lárusdóttir [ritstj] Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi II: Minjar í Siglufirði (sunnan Siglufjarðarbæjar og austan fjarðar), Héðinsfirði og Hvanndölum FS391-04042 Fornleifastofnun Íslands. Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sædis Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. Fornleifaskráning í Ólafsfirði. FA320-04051. Fornleifastofnun Íslands

² Kanon arkitektar. 2017, desember. Húsaskráning Siglufjarðar. 1. áfangi 2012/2013. Uppfært desember 2017; Birna Lárusdóttir og Birkir Einarsson. 2018. Verndarsvæði í byggð. Þormóðseyri Siglufirði. Skráning fornleifa, húsa og mannvirki

³ Verndarsvæði í byggð. Þormóðseyri Siglufirði. Tillaga og greinargerð. Febrúar 2018. Höfundar: Fjallabyggð, Kanon arkitektar, Fornleifastofnun Íslands ses

umsagnarskyld eru þau sem byggð eru árið 1925 eða fyrr og kirkjur sem byggðar eru 1940 eða fyrr. Er sú krafa gerð í samræmi við 3. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

Minjastofnun Íslands veitti þann 13. október 2017 umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðað aðalskipulag Fjallabyggðar (MÍ201710-0006/ 6.08 / R.L.), þar var farið yfir helstu kröfur um fornleifaskráningu og mannvirkja- og húsaskráningu vegna aðalskipulagsgerðar. Einnig hafði sveitarfélagið samband við Minjastofnun þann 25. september 2019 þar sem óskað var eftir staðfestingu stofnunarinnar á því að fornleifaskráningin sem er til fyrir sveitarfélagið sé fullnægjandi fyrir vinnu við endurskoðun aðalskipulags. Því erindi var svarað þann 17. október sama ár og þar segir: „Niðurstaða Minjastofnunar er því að ráðast þurfi í að uppfæra fornleifaskráningu á þéttbýlisstöðum í sveitarfélaginu sem og öðrum fyrirsjáanlegum framkvæmdasvæðum.“ sem er sama svar og minjavörður hafði áður veitt í umsögn sinni um skipulags og matslýsinguna. Skilgreiningu þeirra svæða sem nauðsynlegt er að skrá þarf að gera í samráði við minjavörð.

Í 2. kafla skipulagslagnsins Skipulagsákvæði og landnotkun er fjallað um minjavernd í kafla 5.6. Þar er lögð áhersla á verndun menningar- og náttúruminja, sem og sögu og sérkenni sveitarfélagsins sem verði sýnileg með merkingum, verndun og viðhaldi. Lagt er til að merkja náttúru- og menningarminjar í sveitarfélaginu til að stuðla að aukinni meðvitund íbúa um umhverfi sitt, m.a. með upplýsingaskiltum, bæklingum og á heimasíðu Fjallabyggðar. Einnig segir þar að fyrirhugað sé að útbúa samkomulag við Minjastofnun um vinnu við uppfærslu fornleifaskráningarinnar, forgangsröðun svæða og tímaáætlun. Í kafla 5.6.5 er réttilega tekið fram að engar friðlýstar fornleifar séu í sveitarfélaginu. Þar er einnig fjallað um friðlýsingu fornleifa, húsa og mannvirkja en um þau gilda ákvæði 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í sveitarfélaginu eru 5 friðlýst hús:

- Kvíabekkjarkirkja, Ólafsfirði, byggt 1892.
- Norska sjómannaheimilið, Aðalgötu 27 Siglufirði, byggt 1915.
- Ólafsfjarðarkirkja, Kirkjuvegur 12 Ólafsfirði, byggt 1915.
- Róaldsbrakki, Snorragötu 13 Siglufirði, byggt 1906-1907.
- Sæbyhús, Norðurgötu 3 Siglufirði, byggt 1886.

Í 19. gr. laga um menningarminjar nr 80/2012 segir að Minjastofnun beri að tryggja að friðlýstar menningarminjar verði færðar á skipulagskort. Minjastofnun bendir hér með á að hin friðlýstu hús þarf að merkja inná þéttbýlisupprættina.

Víða í aðalskipulagsdrögunum er rætt um fjölgun göngu- og hjólréiðastíga (kafla 2.4.1 í skýrslu 2), þéttingu byggðar (kafla 2.4.2 og 3.2.3 í skýrslu 2), nýjar námur og efnislosunarsvæði fyrir úrgang (kafla 2.4.3 og 3.9.1 í skýrslu 2), frístundabyggð (m.a. kafla 3.10.1 í skýrslu 2), nýbyggingar á lögbýlum (kafla 3.17.2 í skýrslu 2) sem og skógrækt (kafla 3.18 í skýrslu 2). Í 3. gr reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda 620/2019 segir:

Fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem eru fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi áður en aðalskipulag er samþykkt. Undir þetta falla allar byggingaframkvæmdir, auk þess sem önnur framkvæmdasvæði þar sem jarðrask er fyrir sjáanlegt geta fallið hér undir. Skilgreining slíkra svæða skal gerð í samráði við minjavörð hvers landshluta. Þetta á einnig við um framkvæmdir í sjó og vötnum ... Gera skal grein fyrir húsum og mannvirkjum sem falla undir lög um menningarminjar í húsaskrá. Húsaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu ...Í undantekningartilvikum mun stofnunin samþykkja að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja vegna aðalskipulags verði unnin á gildistíma skipulagsáætlunar ef gert er samkomulag með tíma-settri áætlun, sem er undirrituð af fulltrúum sveitarfélags og Minjastofnunar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar.

Ítrekar Minjastofnun mikilvægi þess að samkomulag um uppfærslu á skráningu þurfi að liggja fyrir **áður en aðalskipulagið verður samþykkt.**

Í aðalskipulagi er stefna sveitarfélags mótuð varðandi m.a. vernd og nýtingu minja og sú tillaga að skipulagi sem hér liggur fyrir lýsir góðum metnaði til að gera vel á þeim vettvangi. Innan sveitafélagsins eru margir einstakir minjastaðir þar sem búsetulandslagið endurspeglar líf og kjör fyrri kynslóða á svæðinu, og er gott að sjá að aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir varðveislu þeirra. Einnig segir að stuðla skuli að rannsóknum og kynningu og

að gera menningarsögulega arfinn sem best aðgengilegan íbúum og ferðalöngum. Minjastofnun getur aðstoðað við þá vinnu sé óskað eftir því. Í viðauka við skipulagið (4 hluta) er listi yfir áhugaverðar fornleifar og kort með, byggður á fyrri fornleifaskráningum. Þar eru dregnar fram helstu minjar í sveitarfélaginu og merktar inná kort. Nú þegar útivist og göngur eru vinsælli en oft áður er þetta mjög gott framlag og ekki að sjá annað en þessi samantekt gefi góða mynd af minjum innan sveitarfélagsins og er góður grunnur til að byggja frekari kynningar/fræðslu á.

Mjög jákvætt er að sjá tillögur um hverfisvernd á Kleifum sem og afmörkun hverfisverndar sem nær yfir stærra svæði en Verndarsvæðið í byggð á Þormóðseyri. Einnig er mjög jákvætt að sjá áherslu á húsvernd friðaðra húsa sem og að lögð verði áhersla á endurgerð gamalla húsa í sveitarfélaginu og varðveislu muna tengdum fyrri byggð og menningu. Einnig á að horfa til varðveislugildis bygginga frá fyrri hluta og miðbiki 20. aldar skuli gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Tryggja á að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í bæjarmyndinni. Í viðauka við skipulagið (4 hluta) er listi yfir öll þau hús sem verða 100 ára (og falla þannig undir lög um menningarminjar) á gildistíma skipulagsins.

Það má greina við lestur á endurskoðuðu aðalskipulagi Fjallabyggðar vilja til að vernda og hlúa að þeim menningarminjum sem eru innan svæðisins. Minjastofnun ítrekar aftur að hafa þarf samband við stofnunina til að fara yfir þau svæði sem þarf að skrá í tengslum við skipulagsgerðina.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:

Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnstigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.